

## 9. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.

Haldinn fimmtudaginn 19. desember kl.17:30 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason

Einnig sat fundinn Jón Valgeirsson sveitarstjóri og Jón Eiríksson.

### Dagskrá:

1. Nýr starfsmaður umhverfismála.
2. Opnunartími gámasvæðis.
3. Hreinsunaráttak Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

#### 1. Nýr starfsmaður umhverfismála.

Búið er að ráða nýjan starfsmann Jón Eiríksson sem byrjar formlega á nýju ári. Hann mætti á fundin og starfið kynnt og rætt um hvernig fólk sér starfið fyrir sér. Sérstaklega þarf að byrja á að bæta merkingar á gámasvæði og almenna upplýsingagjöf. Rætt almennt um stöðunu og hvað þurfi að gera. Koma upp skráningarkerfi um hvað er að koma inná gámasvæðið til að hafa yfirsýn. Upplýsinga gjöf þarf að vera mjög öflug og ör til að halda fólki vel upplýstum. Nefndin óskar Jóni velfarnaðar í starfi með von um gott samstarf.

#### 2. Opnunartími gámasvæðis.

Nefndin ræddi um breytingar á opnunartíma á gámasvæðinu. Það þarf að stytta opnunartíman með nýjum starfsmanni. En á móti kemur að starfsmaður verður alltaf á svæðinu meðan á opnunartíma stendur. Nefndin leggur til að nýr opnunartíminn taki gildi þann 20. janúar 2020 og verði svo hljóðandi:

Mánudaga	13:00-18:00
Miðvikudaga	13:00-18:00
Föstudaga	13:00-18:00
Laugardaga	13:00-18:00

Lokað á rauðum dögum.

Áfram verður hægt að koma gangandi inná svæðið utan opnunartíma með heimilisúrgang.

#### 3. Hreinsunaráttak Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Átakinu verður áfram haldið á næsta ári og fagnar nefndin því en bendir á að tryggja þarf að verkið sé unnið á jákvæðum nótum og með fólki.

Fundi slitið 18:35